

Gönguleiðir í Kerlingarfjöllum

Merkt gönguleið

Ómerkt gönguleið

Auðveld ganga: ■□□□

Nokkuð krefjandi: ■■□□

Frekar krefjandi: ■■■□

Mjög krefjandi: ■■■■

1. **Ásgarður-Ásgarðsfjall ■□□□**
Vegalegnd um 1 km, hækkun um 100 m, göngutími alls um 1/2 klst.
Gengið frá Ásgarði sem leið liggur á Ásgarðsfjall (929 m). Þaðan blasa við hæstu tindar Kerlingarfjalla í suðri, Kjalvegur og Langjökull í vestri og Hofsjökull í austri með Þjórsárverum þar fyrir sunnan.
2. **Ásgarður-Hveradalaklif ■□□□**
Vegalegnd um 2,1 km (x2), hækkun um 100 m, göngutími alls um 1 (x2) klst.
Gengið til suðurs frá Ásgarði að hverum og jökulís. Örafakyrrið og stórbrotin náttúra Neðri-Hveradala blasa við af klifinu. Þaðan liggja margar gönguleiðir.
3. **Hveradalaklif-Hveradalahnúk ■□□□**
Vegalegnd um 0,8 km, hækkun um 150 m, göngutími alls um 1/2 klst.
Gengið austur úr Hveradalaklifi á Hveradalahnúk. Farvegur Ásgarðsár frá Hveradölum niður að Ásgarði sést hvergi betur með fallegum fossum og flúðum en dýpst er gljúfrið yfir 100 m.
4. **Hveradalaklif-Mæni ■■■□**
Vegalegnd um 1 km, hækkun um 400 m, göngutími upp alls um 1 klst.
Úr Hveradalaklifi er hægt að ganga á fjallið Mæni (1352 m) og sér vítt yfir þegar upp er komið. Nær er litadýrð Hveradala og hæstu tindar Kerlingarfjalla en fjær Kjalvegur og fjöll og vötn vestan hans með Langjökul í baksýn.
5. **Hveradalaklif-Snorrahver-bílastæði Neðri Hveradala ■■□□**
Vegalegnd um 1,4 km, lækkun um 80 m, göngutími alls um 1 klst.
Úr Hveradalaklifi er örstutt niður að Snorrahver, miklum hver efst í norðanverðu háhitasvæði Neðri-Hveradala. Frá honum rennur heitur lækur, misvatnsmikill eftir árstíma. Leiðin frá Snorrahver að bílastæði Neðri-Hveradala liggur þar sem háhitasvæði og skriðjökull mætast.
6. **Gil og gljúfur neðan Hveradala ■□□□**
Vegalegnd um 5 km, göngutími alls um 1 1/2 klst.
Frá bílastæði við Neðri-Hveradali er gengið eftir vegaslóðinni niður í Ásgarð. Út frá henni er stutt að farvegi Ásgarðsár. Gengt er niður í dýpsta hluta gljúfursins. Fossar í ánni sjást sumir frá veginum, aðrir eru í nokkurra mínútna göngufjarlægð.
7. **Neðri-Hveradalahringur ■■□□**
Vegalegnd um 3 km, göngutími alls um 1-2 klst.
Gengið frá bílastæði við Neðri-Hveradali um öflugasta hluta háhitasvæðisins þar sem eldur og ís mætast. Ógleymanleg ganga öllum sem hana þreyta. Gangu verður með gát um svæðið.

8. **Efri-Hveradalahríngur ■■■□**
Vegalegnd um 8 km, hækkun um 150 m, göngutími alls um 3-4 klst.
Gengið er frá bílastæði við Neðri-Hveradali upp með Ásgarðsá að upptökum hennar. Þaðan er gott útsýni til suðurs. Síðan er haldið til norðurs og gengið á Kerlingarskyggni í miðjum Hveradölum. Er útsýni þar tignarlegt.
9. **Ásgarður-Kerling ■□□□**
Vegalegnd um 5 km, göngutími alls um 4-5 klst.
Kerling er 25-30 m hár móbergsdrangur sem fjöllin draga nafn af. Liggja margar leiðir að henni. Auðgengnast er frá Ásgarði til suðvesturs milli Kerlingartinds og Skeljafells. Kerlingin kemur skyndilega í ljós þegar slóðin beygir til austurs.
10. **Jökulhryggur-Fannborgarhlíðar ■□□□**
Vegalegnd um 2 km, göngutími alls um 1-2 klst.
Ekið er upp að Kastala við Jökulhrygg. Þaðan er gengið suður vesturhlíð Fannborgar. Haldið er sömu hæð og komið að höfða sem gengur vestur úr Fannborg og er kallaður Högg. Er þar gott útsýni yfir Hveradali og fagurt. Inn af Högginu er lítið dalverpi með volgum lækjum sem renna undan fönnum.
11. **Jökulhryggur-Fannborg ■■■□**
Vegalegnd um 2 km, hækkun rúmí 400 m, göngutími upp um 1 klst.
Frá Jökulhrygg liggur stígur upp skriður vesturhlíða Fannborgar (1448 m) til suðurs. Útsýni yfir Neðri-Hveradali og Vestur-Kerlingarfjöll.
12. **Jökulhryggur-Snækollur ■■■■**
Vegalegnd um 1,5 km, hækkun tæpir 500 m, göngutími alls rúmar 3 klst.
Lagt er upp frá Jökulhrygg á Snækoll (1488 m). Þar er útsýni mest um landið og sést til sjávar bæði til suðurs og norðurs í góðu skyggni. Meðan vetrarsnjórinn lokar jökulsprungum er gengið upp Fannborgarjökul og norðan Vesturgnípu, tindsins milli Snækolls og Fannborgar. Gengið er upp Fannborg ef sprungur eru opnar.
13. **Jökulhryggur-Loðmundur ■■■■**
Vegalegnd um 8 km, hækkun rúmí 400 m, göngutími alls um 4 - 5 klst.
Lagt er upp frá Jökulhrygg á Loðmund (1429 m) en leiðin er erfið uppgöngu og útsýni mun minna en af Snækolli. Snarbrattur skafli í skarði vestur af toppi fjallsins hefur freistað ofurhuga úr hópi skíðamanna.
14. **Fjallahringurinn ■□□□**
Vegalegnd um 50 km, göngutími vanra göngumanna um 15- 18 klst.
Gengið er réttisælis frá Ásgarði norðan við Snækoll og Loðmund og svo til suðurs fram hjá Kisufelli og yfir ána Kisu. Þaðan er haldið til vesturs hjá Rauðkollum að Klakki en það er stutt að einu stórbrotnasta gljúfri landsins Kerlingargljúfri, yfir 200 m djúpu. Frá Klakki er farið í norðvestur að Grákolli og yfir Kerlingará en á móts við Kerlingu er stefnan tekin í norðuraustur og gengið sem leið liggur að skálunum í Ásgarði. *Öðrum en vel þjálfuðum göngugörpum er ráðlegt að fara þessa leið í tveimur áföngum djúp gil og fjölmargar ár, sem stundum eru vatnsmikla, eru á leiðinni.*

15. **Jökulkrókur-hringferð** ■□□□

Vegalegnd um 11 km, göngutími alls um 4-5 klst.

Gengið er upp veginn til suðurs frá Ásgarði. Suður af Ásgarðsfjalli er haldið niður á vegaslóðina austur í Þjorsárver uns komið er framhá Loðmundi. Þaðan er stefnt á Blágnípu (1076 m) og gengið vestur með Jökulfalli að sunnan og yfir Kerlingarsprænu uns komið er aftur á veginn og hann genginn að Ásgarði. Fögur fjallasýn, áreyrar Jökulfallsins og öræfakyrrið einkenna þessa göngu.

16. **Jökulfallsbrú-Blágnípa** ■■■□

Vegalegnd um 15 km, göngutími alls um 5-7 klst.

Gönguferð að Blágnípu (1076 m), miklum höfða suðvestur úr Hofsjökli. Farið er frá brúnni yfir Jökulfall. Gengið austur með því norðanmegin að Blágnípu og norður með henni. Þaðan er auðgengið á fjallið og sjást vel vatnaskil milli Suður- og Norðurlands. Sama leið farin til baka, til að sleppa við votlendi vatnaskilanna.

17. **Gengið með gili Jökulfalls** ■□□□

a) Vegalegnd um 3 km, göngutími um 1-2 klst.

Gengið er meðfram gili Jökulfallsins, frá brúnni niður að Blákvísl. Undir brúnni er fossinn Hvinur. Ryðst áin niður þrengsli drjúgan veg en breiðir heldur úr sér er kemur að Gýgjarfossi, en neðan hans fellur Blákvísl í Jökulfallið og þar er aftur komið á akveginn.

b) Vegalegnd um 5 km, göngutími um 1½-2 klst.

Hægt er að halda áfram frá Blákvísl niður með gili Jökulfalls með flugvöllinn á hægri hönd. Hrikaleg gljúfur, hreiðurstæði heiðargæsa, flúðir og fossar fanga hugann á göngunni sem lýkur í Fossrófum við veginn til Kerlingarfjalla.

18. **Austurfjöll** ■■■■

Vegalegnd um 7 km, lækkun 200 m, hækkun 700 m og síðan lækkun um 400 m og hækkun um 400 m, göngutími um 10 - 11 klst.

Lagt af stað við Kastala á Jökulhrygg gengið á Loðmund síðan upp öxl og austan við snót upp á Snækoll. Þaðan yfir á Vesturnípu og á Fannborg og að lokum niður í Kastala aftur. Þetta eru um 10-11 kl.t og virkilega skemmtileg leið ef skyggni er gott. Stórkostleg fjallasýn í allar höfuðáttir. Frekar krefjandi leið